

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Hafnarsel, Leirár- og Melahreppi.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. september 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 7 ha landbúnaðarsvæði norðan Hafnarár, í landi Hafnarsels, breytist í frístundabyggðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 13. september 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*